

191 21. desbr. f. á. var talið dánarbúi nokkru til út-
7. nóv. lida samkvæmt 37. gr. aukatekjureglu-
gjörðarinnar frá 10. september 1830, eigi ekki á og óskipt að falla sjer í skaut, með því öll embættisstörf, er að búi þessu lutu, ne a að eins afhending búsins hafi verið leidd til lykta fyrir 6. júní 1878, en frá þeim tíma öðluðust lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta frá 14. desember 1877 lagakraft, eða, ef þetta er ekki svo, þá hversu mikill hluti af nefndu gjaldi sjer beri, og hversu mikið landssjóðnum. Jafnframt hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 16. f. m. skotið þessari spurningu til úrskurðar ráðgjafans, og hafið þjer getið þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu sje á þeirri skoðun, að gjaldið allt og óskipt beri sýslumanninum, með því það eptir hinum tilvitnaða stað í aukatekjureglugjörðinni sje talið laun fyrir starf skiptaráðanda, og öll meginstörf sýslumannsins í umræddu dánarbúi hafi verið um garð gengin fyrir 6. júní 1878. Aftur á móti efizt þjer um, að þetta sje rjett, þar eð afhendingargjaldið, samkvæmt 37. gr. aukatekjureglugjörðarinnar virðist ekki að vera annars eðlis en almennt skiptagjald, og megi því ekki reikna það fremur en skiptagjaldið fyr en að loknu búinu, því þá má fyrst heita, að unnið hafi verið til þess.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn verður að vera ásama máli og þjer, að sýslumanninum beri ekki neinn hluti af umræddu afhendingargjaldi, og virðist ráðgjafanum, að það samkvæmt fyrgreindum lögum frá 14. des. 1877 eigi að falla landssjóðnum óskipt í skaut. Að öðru leyti sætir mál þetta fullnaðarúrslitum dómstólanna.

192 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kostnað við flutning á strandmönnum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 18. september þ. á. senduð þjer, herra landshöfðingi, reikning að upphæð 44 kr., sem bera hreppstjóranum í Geithellnahreppi í Sudurmúlasýslu fyrir flutning austur í Djúpavog á 4 mönnum af skipshöfninni á galeas «Concordia», er strandaði á Papós í september f. á., og hefir sá reikningur verið sendur svo seint, að hann varð ekki tekinn til greina, þegar skilagrein var gjörð fyrir viðkomandi strandi. Ráðgjafinn skoraði þar eptir á J. Johnsen kaupmann hjer í bœnum að endurborga af fje því, er hann hefði fengið upp úr strandinu bæði hina nefndu upphæð og aðra upphæð til 11 kr. 52 a., sem ranglega var komin inn í tekjur strandfjárins fyrir vasaúr, sem var eign skipstjórans, og hefir hann fengið andvirði þess útborgað; en kaupmaðurinn færðist undan að endurborga tjeðar upphæðir, og álitur ráðgjafinn sjer ekki fært að útvega hlutaðeigöndum þessar upphæðir endurgoldnar.

Þegar svona stendur á, hefir ráðgjafinn ekki álitid það til neins, að skora aptur á Johnsen kaupmann að bæta fyrgreindum hreppstjóra fje það, sem um er rætt í áminnztu brjefi herra landshöfðingjans frá 15. september þ. á. að upphæð 71 kr. 50 a., og sem hreppstjórin á fyrir flutning á nokkrum skipbrotsmönnum af skonnortunni «Cito», er strandaði í október 1877, þar sem nefndur Johnsen kaupmaður hefir þegar áður í brjefi til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skorast nndan að greiða fje þetta.

Jafnframt því að endursenda hina umræddu 2 reikninga, er herra landshöfðingjanum hjer með þjónustusamlega tjáð hið framantalda til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.